



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019

Stefna og framtíðarsýn

JÚNÍ 2015



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	2
2	Stöðugreining Vesturlands 2015	4
2.1	Vesturland sem búsetukostur – lýðfræði	4
2.2	Mannauður	5
2.3	Menning.....	6
2.4	Atvinnulíf og nýsköpun	7
3	Leiðarljós.....	8
3.1	Samvinna	8
3.2	Virðing.....	8
3.3	Gæði og metnaður.....	8
3.4	Framsýni og athafnasemi.....	9
4	Framtíðarsýn	10
4.1	Á Vesturlandi er gott að búa.....	10
4.2	Á Vesturlandi er gott að starfa	10
4.3	Um Vesturland er gaman og fróðlegt að ferðast.....	11
5	Markmið og aðgerðir	12
5.1	Á Vesturlandi er gott að búa.....	12
5.1.1	Að styrkja mannauðinn á Vesturlandi	12
5.1.2	Að efla menningarlíf	13
5.1.3	Að styrkja staðarandann	13
5.1.4	Að bæta búsetukosti	14
5.1.5	Að bæta samgöngur og fjarskipti	14
5.1.6	Að vernda náttúruna	15
5.1.7	Að auka gæði í stjórnslu sveitarfélaga og þjónustu opinberra aðila	15
5.2	Á Vesturlandi er gott að starfa	16
5.2.1	Að styðja við nýsköpun í atvinnulífi.....	16
5.2.2	Að efla matvælaframleiðslu á Vesturlandi	16
5.2.3	Að efla iðnað á Vesturlandi	17
5.3	Á Vesturlandi er gaman og fróðlegt að ferðast	18
6	Samantekt	19

1 INNGANGUR

Í febrúar 2015 skrifuðu Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) undir samning við stjórnvöld um Sóknaráætlun Vesturlands fyrir árin 2015-2019. Markmið sóknaráætlunar er að ráðstafa þeim fjármunum sem varið er af ríkinu til atvinnu-, byggða- og menningarmála á Vesturlandi í samræmi við stefnu sem landshlutinn mótar sjálfur á þessum sviðum.

Sóknaráætlun á að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er einnig að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna. Vinnan við sóknaráætlun er þríþætt; að móta framtíðarsýn, markmið og aðgerðir fyrir Vesturland sem ráðstöfun fjármuna tekur mið af, að setja upp uppbyggingarsjóð sem styður við nýsköpun í atvinnulífi og menningarmálum og að skilgreina áhersluverkefni fyrir Vesturland sem endurspeglar framtíðarsýnina og markmiðin.

Framtíðarsýn Vestlendinga er grunnurinn í sóknaráætlun, sem öll önnur verkefni byggja á. Sýnin er útfærð með markmiðum og aðgerðaráætlun. Kjarninn í þeirri sýn sem hér er unnið eftir og stefnu sóknaráætlunar í heild sinni, eru áherslur sem komu fram á stórum fundi sem haldinn var í Hjálmakletti í Borgarnesi 4. maí 2015. Tæplega 70 þátttakendur voru á fundinum, frá öllum sveitarfélögum á Vesturlandi og úr hinum ýmsu starfsgreinum. Í samningi SSV og stjórnvalda kemur fram að framtíðarsýnin skuli að minnsta kosti ná til nýsköpunar í atvinnulífi, til menningarmála, mannauðs og lýðfræði. Því var horft sérstaklega til þessara þátta á fundinum. Auk þess voru þeir settir í samhengi við áherslur úr sóknaráætlun 2013, en í henni höfðu ferðapjónusta, matvælaframleiðsla og iðnaður verið skilgreind sem vaxtargreinar á Vesturlandi.

Þær Björg Ágústsdóttir og Matthildur Kr. Elmarsdóttir frá ráðgjafarfyrirtækinu Alta stýrðu fundinum og hafa verið starfsfólki SSV til ráðgjafar við úrvinnslu gagna og framsetningu sem og vinnu við mótnun þeirrar stefnu sem hér er sett fram.

Við vinnslu framtíðarsýnar og markmiða var stuðst við Sóknaráætlun Vesturlands sem unnin var árið 2013. Einnig var byggt á íbúa- og fyrirtækjakönnunum sem unnar hafa verið á vegum SSV á liðnum árum auk þess sem sérfræðiþekking starfsmanna SSV nýttist við vinnslu stefnunnar.

Út frá samningi um sóknaráætlun og skilaboðum samráðsfundarins var ákveðið að skipta framtíðarsýn, markmiðum og aðgerðum í þrjá megin kafla, samkvæmt eftirfarandi áherslum:

1. *Að búa á Vesturlandi*, þar er tekið á þáttum sem koma fram í sóknaráætlunarsamningi eins og mannauði, lýðfræði og menningu. Til viðbótar er líka komið inn á þætti sem mörgum fundarmanna var efst í huga varðandi búsetukosti.

2. *Að starfa á Vesturlandi*, þar er tekið á nýsköpun í atvinnulífi og atvinnumálum almennt.
3. *Að ferðast um Vesturland*, þar er tekið sérstaklega á ferðapjónustu sem er öflugur vaxtarbroddur á Vesturlandi.

Stjórn SSV ásamt tíu manna samráðshópi sem skipaður er fulltrúum af Vesturlandi úr ýmsum atvinnugreinum vann áfram með niðurstöður samráðsfundarins og markaði frekari áherslur varðandi framtíðarsýnina. Þessi hópur ásamt stjórn SSV, sem í sitja samtals 12 fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á Vesturlandi, fundaði 10. júní 2015 og myndar samráðsvettvang fyrir Vesturland. Eftir fundinn tók hópurinn þátt í skoðanakönnun þar sem verkefnum var forgangsraðað og mun sú röðun nýtast við val á áhersluverkefnum.

Á grundvelli alls þess sem að framan er talið samþykkti stjórn SSV stefnu og framtíðarsýn fyrir Sóknaráætlun Vesturlands á fundi 30. júní 2015.

2 STÖÐUGREINING VESTURLANDS 2015

Í þessum kafla er lagt mat á stöðu Vesturlands árið 2015. Greiningin byggir á ýmsum gögnum og upplýsingum, s.s. Sóknaráætlun Vesturlands 2013, fyrirtækja- og íbúakönnunum sem unnar voru árin 2013 og 2014 á vegum SSV, greiningu Byggðastofnunar frá árinu 2014 á Vesturlandi og þeirri þekkingu sem starfsmenn SSV búa yfir.

HVER ER STAÐA VESTURLANDS ÁRIÐ 2015 ?

Staða Vesturlands er metin út frá þeim meginþáttum sem fram koma í samningi um Sóknaráætlun Vesturlands, þ.e. lýðfræði, mannauði, menningu og nýsköpun og atvinnulífi.

2.1 VESTURLAND SEM BÚSETUKOSTUR – LÝÐFRÆÐI

Þann 1. janúar 2015 bjuggu 15.566 manns á Vesturlandi, þar af 13.067 í þéttbýli, eða 84%. Íbúum hafði þá fjölgað um 1.642 frá 1998 eða um 12%. Þrátt fyrir íbúafjölgun hefur hlutur Vesturlands af heildar íbúafjölda á Íslandi farið heldur minnkandi á þessu tímabili.

Á árinu 2014 fjölgaði íbúum á Vesturlandi og var fjölgunin mest á Akranesi en þar hefur íbúum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og í dag búa ríflega 40% Vestlendinga á Akranesi. Samtals eru íbúar á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit rúmlega 7400. Einnig varð fjölgun íbúa í Borgarfirði, en á Snæfellsnesi stóð fjöldi íbúa í stað. Í Borgarfirði eru 3600 íbúar og á Snæfellsnesi tæplega 3900 í árslok 2014. Eftir töluverða fækkun íbúa í Dalabyggð undanfarna áratugi hefur þróunin snúist við árin 2013 og 2014 og íbúum fjölgar að nýju í héraðinu. Í árslok 2014 eru þeir tæplega 700. Af þessu má sjá að íbúum fjölgar mest syðst á Vesturlandi eða næst höfuðborgarsvæðinu.

Meðalaldur Vestlendinga hefur verið áþekkur landsmeðaltali að Dölum undanskildum, en þar hefur meðalaldur verið nokkuð hærri en annars staðar á Vesturlandi. Ungu fólki hefur fækkað á Vesturlandi undanfarin ár líkt og annars staðar á landsbyggðinni. Þá hefur kynjaskipting verið með þeim hætti að karlar eru um 4% fleiri en konur á Vesturlandi.

Með hliðsjón af ofangreindu metum við styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir með eftirfarandi hætti.

STYRKLEIKAR

- Öflugir þéttbýlisstaðir
- Staðsetning, nálægt höfuðborgarsvæðinu
- Fjölgun íbúa á sunnanverðu Vesturlandi

VEIKLEIKAR

- Hlutfallsleg fækkun íbúa á Snæfellsnesi og í Dölum til lengri tíma litið
- Fækkun íbúa í dreifbýli

- Ungu fólki hefur ekki fjölgað undanfarin ár
- Ójöfn kynjaskipting

TÆKIFÆRI

- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Framhaldsskólar og háskólar
- Samgöngubætur og betri fjarskipti

ÓGNANIR

- Fækkun ungs fólks
- Fækkun íbúa í dreifbýli
- Hækkandi meðalaldur í samfélaginu

2.2 MANNAUÐUR

Vesturland hefur sannanlega notið þess að þar eru menntastofnanir á öllum skólastigum. Sveitarfélögin reka góða leik-, grunn- og tónlistarskóla sem sumir hverjir hafa vakið athygli fyrir gæði og nýsköpun. Þrír framhaldsskólar eru á svæðinu, á Akranesi þar sem bæði er bóknáms- og iðnnámsskóli, en á Snæfellsnesi og í Borgarnesi eru bóknámsskólar. Starfsemi skólanna er mjög mikilvæg fyrir byggðapróun á svæðinu og ljóst að íbúar hafa áhyggjur af framtíð þeirra í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á framhaldsskólastiginu. Tveir háskólar eru í Borgarfirði, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst. Skólarnir hafa boðið upp á grunnám og meistaranám í ýmsum námsgreinum. Þeir uxu mjög hratt um og eftir aldamótin, en í kjölfar efnahagskreppunnar 2008 hefur dregið mjög úr vexti þeirra og vaxandi óvissa hefur verið um framtíð þeirra í tengslum við umræður um skipulag háskólastarfs á Íslandi. Á Vesturlandi er öflug símenntunarmiðstöð sem hefur skapað fjölda tækifæra fyrir íbúa til að sækja sér menntun og margir hafa nýtt sér. Auk þess eru á Vesturlandi þekkingarsetur sem hafa mjög jákvæð áhrif á byggðapróun á sínum nærsvæðum.

Þrátt fyrir fjölda menntastofnana sýna kannanir að menntunarstig þyrfti að vera hærra á Vesturlandi og fjöldi þeirra sem aðeins hafa grunnmenntun er of hár. Að sama skapi er það áhyggjuefni hve laun háskólamenntaðra eru lág á Vesturlandi og mun lægri en laun fólks með sambærilega menntun á höfuðborgarsvæðinu.

STYRKLEIKAR

- Þrír framhaldsskólar
- Tveir háskólar
- Öflug þekkingarsetur

VEIKLEIKAR

- Almennt er menntunarstig frekar lágt
- Iðnnám hefur átt erfitt uppdráttar

ÓGNANIR

- Óvissa varðandi stöðu framhalds- og háskóla á svæðinu

TÆKIFÆRI

- Auka samstarf menntastofnana
- Auka tengsl atvinnulífs og menntastofnana
- Efla iðn- og tækninám
- Skapa ný námstækifæri í vaxtargreinum s.s. ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu

2.3 MENNING

Menningarlíf hefur eflst verulega undanfarið og sveitarfélögin gera sér betur grein fyrir mikilvægi menningarlífs fyrir búsetu. Undanfarin ár hafa vaxið upp mjög öflugir sprotar víða um Vesturlandi sem hafa skapað margskonar tækifæri til fróðleiks og afþreyingar. Störfum í svonefndum skapandi greinum hefur fjölgað og þar liggja ýmis tækifæri. Nálægð við höfuðborgarsvæðið skapar ákveðin tækifæri til að njóta menningarlífs, en að sama skapi getur nálægðin dregið úr hvata heimamanna til að standa fyrir menningarviðburðum.

STYRKLEIKAR

- Öflugar menningarmiðstöðvar, s.s. söfn, leikhús, bíó og sýningar
- Sagan og menningartengd ferðaþjónusta
- Kraftmikið grasrótarstarf, s.s. kórar og leikfélög
- Góðir tónlistarskólar
- Uppbyggingarsjóður Vesturlands
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið

VEIKLEIKAR

- Vantar meira fjármagn
- Vatnar stefnumótun í menningarmálum fyrir Vesturland
- Vantar fjölbreyttara listnám, myndlist og leiklist
- Núverandi framboð menningar höfðar ekki nægjanlega til ungs fólks
- Fámenni í Dölum og í dreifbýli takmarkar framboð af menningu

TÆKIFÆRI

- Vaxandi ferðaþjónusta
- Tengja menningu við ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu
- Samstarf fólks í skapandi greinum, Vitbrigði Vesturlands

ÓGNANIR

- Fámenni á ákveðnum svæðum
- Aukið framboð afþreyingar á stafrænum miðlum ?
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið

2.4 ATVINNULÍF OG NÝSKÖPUN

Atvinnulíf á Vesturlandi hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin ár. Landshlutanum er gjarnan skipt upp í fjögur atvinnusvæði; Akranes og Hvalfjörður, Borgarfjörður, Snæfellsnes og Dalir. Þróunin hefur verið misjöfn á þessum svæðum. Á Akranesi og í Hvalfirði hefur sjárvarútvegur og iðnaður lengi verið öflugur, mikið er um störf í þjónustu á Akranesi enda er svæðið fjölmennt og þar eru til að mynda stórt sjúkrahús og fjölmennur framhaldsskóli. Gríðarleg uppbygging hefur verið í kringum stóriðjuna á Grundartanga og þar hefur einnig orðið verulega fjölgun minni fyrirtækja. Þá hefur ferðaþjónusta verið í sókn á svæðinu eins og annars staðar á Vesturlandi. Í Borgarfirði hefur landbúnaður lengi verið mjög öflugur en heldur hefur dregið úr umfangi hans og það haldist í hendur við fækkun starfa í matvælaframleiðslu á svæðinu. Opinber þjónusta og þjónusta almennt hefur verið mikilvæg atvinnugrein og í Borgarfirði hafa lengi verið öflug fyrirtæki í iðnaði og þá sérstaklega í byggingariðnaði og verktakastarfsemi. Ferðaþjónusta hefur verið í miklum vexti undanfarið og mörg stór verkefni í farvatninu í dag. Á Snæfellsnesi hefur sjárvarútvegur verið mjög öflugur, bæði útgerð og vinnsla. Ferðaþjónusta hefur verið ört vaxandi og ljóst að svæðið hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Í Dölum hefur atvinnulíf byggst á landbúnaði þar sem störfum hefur farið fækkandi, en vaxandi ferðaþjónusta hefur skapað ný störf og að hluta komið í stað starfa sem hafa tapast.

STYRKLEIKAR

- Nálægð við gjöful fiskimið og mikil fjölbreytni í sjávarfangi sbr. Breiðafjörður
- Góðar aðstæður frá náttúrunnar hendi til landbúnaðar og uppbyggingu ýmis konar afþreyingar
- Fjölbreytt og falleg náttúra skapar tækifæri fyrir ferðaþjónustu
- Grundartangi er einstakt svæði á landsvísu til uppbyggingar iðnaðar
- Öflug fyrirtæki í sjávarútvegi og fleiri atvinnugreinum

VEIKLEIKAR

- Nýskráning fyrirtækja undir landsmeðaltali
- Skortir meiri fjölbreytileika í atvinnulífið
- Menntunarstig lágt

TÆKIFÆRI

- Samstarf atvinnulífs og skóla
- Efling ferðaþjónustu
- Aukin markaðssetning á þjónustu og vöru

ÓGNANIR

- Of lítil nýliðun í atvinnulífi almennt
- Rekstarumhverfi sjávarútvegs, landbúnaðar og ferðaþjónustu

3 LEIÐARLJÓS

Leiðarljósini eru unnin upp úr þeim huglægu gildum sem oftast komu fram í svörum þátttakenda á samráðsfundi Vesturlands. Niðurstaðan var sú að horfa sérstaklega til eftirfarandi gilda; *samvinnu, virðingar, gæði og metnaðar, framsýni og athafnasemi*. Leiðarljósini eru leiðbeiningar þegar ákvarðanir eru teknar. Við framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands verða þessi leiðarljós ávallt höfð til hliðsjónar og þau fléttuðu inn í ákvarðanir og verkefni sem tengjast áætluninni.

3.1 SAMVINNA

Við ákvarðanatöku sem tengist Sóknaráætlun Vesturlands verður horft til þess að fjölmargir aðilar hafa hagsmuni af því að samvinna sé góð.

- Samvinna á milli aðila innan sömu atvinnugreinar er mikilvæg
- Samvinna á milli atvinnugreina getur skapað ýmis tækifæri og má þar nefna matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu
- Samvinna íbúa og sveitarstjórna er mikilvæg til þess að ákvörðunartaka verði farsæl
- Samvinna á milli sveitarfélaga leiðir af sér öflugara Vesturland
- Samvinna á milli Vestlendinga og stjórnvalda er mikilvæg í þeim málum þar sem stjórnvöld eru í lykilhlutverki varðandi þjónustu og uppbyggingu

3.2 VIRÐING

Við ákvarðanatöku verður horft til að þess að við berum virðingum fyrir náttúrunni, fólki, hugmyndum þess og skoðunum. Við þekkjum söguna okkar og svæðið og erum stolt af því hver við erum.

- Bera virðingu fyrir náttúrunni og þeim náttúruperlum sem við viljum sýna ferðamönnum.
- Bera virðingu hvort fyrir öðru og sýna jákvæðni í samskiptum og viðmóti, við erum stolt af því samfélagi sem við byggjum.
- Bera virðingu fyrir skoðunum og hugmyndum, þannig fær frumkvæði, nýsköpun og fjölbreytileiki að njóta sín.

3.3 GÆÐI OG METNAÐUR

Vestlendingar vilja að gæði og metnaður endurspeglist í þjónustu, menntun og framleiðslu. Með því að hafa gæði og metnað að leiðarljósi náum við árangri.

- Gæði og metnaður þarf að endurspeglast í allri ferðþjónustu.
- Gæði og metnaður þarf að endurspeglast í framleiðslu matvæla og og iðnvara.
- Gæði og metnaður þarf að vera til staðar í starfsemi menntastofnana á Vesturlandi, þannig tryggjum við öllum góða menntun.
- Gæði og metnaður í opinberri þjónustu við íbúa skapar betri lífsskilyrði.

3.4 FRAMSÝNI OG ATHAFNASEMI

Vestlendingar vilja að framsýni og athafnasemi einkenni samfélag og mannlíf. Því þurfa:

- Langtímasjónarmið að vera ráðandi.
- Viðleitni og vilji til að ná yfirsýn/heildarsýn yfir viðfangsefnin að vera til staðar og skapa þannig traustan grunn fyrir ákvarðanir og samstarf.
- Kraftur og athafnasemi íbúa og fyrirtækja að njóta sín.

4 FRAMTÍÐARSÝN

Hér er að finna lýsingu á þeirri stöðu sem Vestlendingar vilja að verði ríkjandi á Vesturlandi eftir 10 ár. Framtíðarsýninni er skipt í þrjá meginkafla: Að búa, að starfa og að ferðast á Vesturlandi.

4.1 Á VESTURLANDI ER GOTT AÐ BÚA

LÍFSGÆÐI

Á Vesturlandi er gott að búa, þar er fallett umhverfi, jákvætt og gott mannlíf. Íbúar njóta góðrar þjónustu, jafnt opinberra aðila sem annarra. Vel er tekið á móti ungu fólki og nýbúum, þeim eru sköpuð skilyrði til að blómstra.

MANNAUÐUR

Á Vesturlandi eru öflugar menntastofnanir á öllum skólastigum. Þeim eru skapaðar aðstæður til að eflast þannig að menntunarstig á svæðinu hækki. Á svæðinu er öflugt samstarf menntastofnanna og atvinnulífs. Hugað er sérstaklega að þörfum atvinnulífs, t.d. með eflingu tæknipækkingar og verknáms og boðið upp á fjölbreytt réttindanám sem tengist ákveðnum starfsgreinum og þá sérstaklega vaxtargreinum.

MENNING

Blómleg menning er mikilvægur þáttur í nútímasamfélagi. Markvisst er hlúð að menningunni og leitast við að gera hana áhugaverða fyrir alla, jafnt yngri sem eldri og gefa skapandi greinum tækifæri til að dafna.

SAMGÖNGUR

Íbúar Vesturlands búa við greiðar samgöngur og öflugt fjarskiptakerfi.

UMHVERFISMÁL

Vestlendingar ganga vel um náttúruna og landgæði og tryggja að gestir þeirra geri hið sama.

SVEITARSTJÓRNIR

Sveitarstjórnir á Vesturlandi leita eftir skoðunum íbúana, eiga samráð við þá, móta stefnu til lengri tíma þar sem markmið eru skýr, metnaðarfull og raunhæf og stefnunni er fylgt eftir af ábyrgð og skynsemi.

4.2 Á VESTURLANDI ER GOTT AÐ STARFA

NÝSKÖPUN

Á Vesturlandi er fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Frumkvöðlar og nýsköpun eru helstu drifkraftar í eflingu atvinnulífs á svæðinu, ásamt metnaðarfullu samstarfi menntastofnana og atvinnulífs.

MATVÆLAFRAMLEIÐSLA

Vesturland er ríkt af auðlindum og gæðum sem gerir fyrirtækjum og einstaklingum í landshlutanum kleift að vera í fararbroddi á landsvísu í matvælaframleiðslu. Auk eflingar og þróunar í þeim öflugum fyrirtækjum sem fyrir eru á svæðinu er markvisst unnið að því að skapa aðstæður sem styðja við starfsemi sprota í matvælaframleiðslu, ýta undir samvinnu, efla markaðssetningu og auka sölu.

IÐNAÐUR

Á Vesturlandi er fjölbreytt starfsemi iðnfyrirtækja og stóriðju sem starfar í sátt við umhverfi og samfélag. Horft er til mikilvægi sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Sérstök áhersla er lögð á að efla starfandi fyrirtæki.

4.3 UM VESTURLAND ER GAMAN OG FRÓÐLEGT AÐ FERÐAST

FERÐAÞJÓNUSTA

Vesturland hefur upp á flest að bjóða sem laðar til sín ferðamenn, einstaka náttúru, sögu og menningu sem gerir svæðið áhugavert. Þessir kostir eru nýttir af skynsemi og forsjálni með góðri markaðssetningu, uppbyggingu á aðstöðu og afþreyingu með það að leiðarljósi að ganga ekki á gæði landsins.

5 MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

Til að framtíðarsýn Vestlendinga verði að veruleika eru sett skýr markmið. Sett eru fram yfirmarkmið og undirmarkmið. Síðan eru settar fram tillögur að aðgerðum sem eiga að leiða til þess að markmiðin náist og mælikvarðar til meta hvort þær séu að ganga eftir. SSV hefur um árabil unnið ýmis konar kannanir á meðal íbúa og fyrirtækja á Vesturlandi og gert er ráð fyrir að þær verði markvisst notaðar við mælingar, auk þess sem sveitarfélögin vinna ýmsar kannanir eða taka þátt í könnunum sem hægt er að nýta.

Meginmarkmiðin eru þrjú og kallast á við framtíðarsýnina, þ.e. þau miða að því að á Vesturlandi sé:

- **GOTT AÐ BÚA**
- **GOTT AÐ STARFA**
- **GAMAN OG FRÓÐLEGT AÐ FERÐAST**

Undir þessum meginmarkmiðum eru svo sett fram ítarlegri undirmarkmið, sem síðan eru útfærð með beinum aðgerðum eða verkefnum, sem sýnd eru undir hverju undirmarkmiði.

5.1 Á VESTURLANDI ER GOTT AÐ BÚA

Til að tryggja það að á Vesturlandi sé gott að búa vilja Vestlendingar styrkja mannauðinn enn frekar, efla menningu, styrkja staðarandann, bæta samgöngur og fjarskipti, ganga vel um náttúruna og auka gæði í opinberri þjónustu.

5.1.1 AÐ STYRKJA MANNAUÐINN Á VESTURLANDI

- Sveitarstjórnir efli starf leik-, grunn- og tónlistarskóla með því að auka gæði og styðja við nýsköpun innan skólanna. Auk þess verði sérstök áhersla lögð á átt-hagafræði.
- Stutt verði við starfsemi menntastofnana og lögð áhersla á að auka samstarf þeirra við atvinnulífið.
- Lögð verði sérstök áhersla á að efla iðn- og tæknináms m.a. innan FVA og laða að nemendur í þessar námsbrautir. Í samstarfi við fyrirtæki á Vesturlandi verði farið í kynningu á meðal grunnskólanema á þeim tækifærum sem tengjast störfum í iðnaði.
- Í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands, framhaldsskóla og háskóla á Vesturlandi verður unnið að því að efla menntun í matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu, iðnaði og fleiri atvinnugreinum með starfstengdum námskeiðum/námi.

MÆLINGAR:

- Samanburður á fjölda nemenda í iðn- og tækninámi á Vesturlandi á árunum 2015-2019.
- Íbúa og fyrirtækjakannanir sem sýna viðhorf til menntastofnana og samstarfsatvinnulífs og skóla sem og fjölda samstarfsverkefna.
- Fjöldi starfstengdra námskeiða í matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu, iðnaði og fleiri atvinnugreinum.

ÁBYRGÐ:

- SSV í samstarfi við sveitarfélög og menntastofnanir á Vesturlandi.

5.1.2 AÐ EFLA MENNINGARLÍF

- Í samstarfi SSV og sveitarfélaganna verði unnin menningarstefna fyrir Vesturland.
- Markvisst verði stutt við menningarstarf í gegnum Uppbyggingarsjóð Vesturlands.
- Stuðlað verði að auknu samstarfi safna og menningarsetra á Vesturlandi til að styrkja starfsemi þeirra og auka hlut þeirra í móttöku ferðamanna.
- Aukin áhersla verði lögð á listgreinar í kennslu grunn- og framhaldsskóla á Vesturlandi.
- Samstarf fólks í skapandi greinum verði eflt og í samráði við þau verði leitað leiða til auka vægi þeirra í atvinnulífi á Vesturlandi.

MÆLINGAR:

- Menningarstefna Vesturlands sett fram.
- Íbúakannanir sem sýna viðhorf til ýmissa þátta menningarmála.
- Fjöldi umsókna í menningartengd verkefni í gegnum Uppbyggingarsjóð Vesturlands.

ÁBYRGÐ:

- SSV í samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi.
- SSV og stjórn Uppbyggingarsjóðs Vesturlands.

5.1.3 AÐ STYRKJA STAÐARANDANN

- Dregin verði upp heildstæð mynd af landslagi, sögu og menningu Vesturlands sem nýst gæti í þeirri viðleitni að skilgreina staðaranda landshlutans eða einstakra svæða innan hans. Þetta er gert í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd íbúa og ímynd svæðisins út á við og til að stuðla að því að staðarandinn endurspeglir í allri vöruþróun og markaðssetningu á sviði ferðaþjónustu og annarra greina.
- Sveitarfélögin geri átak í að fegra þéttbýlisstaði og sveitir.

MÆLINGAR:

- Að sveitarfélög á Vesturlandi leggi fram skilgreiningu á staðaranda síns svæðis.

ÁBYRGÐ:

- SSV og Vesturlandsstofa í samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi.

5.1.4 AÐ BÆTA BÚSETUKOSTI

- Sveitarfélög á Vesturlandi þurfa að leita leiða til að auka framboð af íbúðarhúsnæði, bæði með því að tryggja að lóðaframboð sé nægjanlegt og stuðla að auknu framboði leiguhúsnæðis.
- SSV í samstarfi við sveitarfélögin vinni markvisst að því að lækka raforkuverð í dreifbýli og til húshitunar á köldum svæðum.

MÆLINGAR:

- Breytingar á fjölda íbúðar- og leiguhúsnæðis.
- Lækkun á raforkuverði í dreifbýli og til húshitunar á köldum svæðum.

ÁBYRGÐ:

- SSV í samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi.
- SSV í samstarfi við sveitarfélög og stjórnvöld.

5.1.5 AÐ BÆTA SAMGÖNGUR OG FJARSKIPTI

- SSV í samráði við sveitarfélögin á Vesturlandi vinni Samgönguáætlun Vesturlands til næstu 12 ára. Áætlunin verði sameiginlegt leiðarljós Vestlendinga um uppbyggingu og forgangsröðun í samgöngum og nýtt til að þess að auka fjárveitingar stjórnvalda inn á svæðið.
- Í gegnum samstarf SSV og sveitarfélaga verði unnið markvisst að því að tryggja fjárveitingar til uppbyggingar fjarskipta og nettenginga í dreifbýli. Mikilvægt er að koma svæðum á Vesturlandi í forgang í þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er af hálfu stjórnvalda.
- SSV vinni að því að tryggja auknar fjárveitingar til almenningsamgangna, auka hagræði í rekstri og skapa þannig svigrúm til að sem flestir íbúar á svæðinu geti nýtt sér almenningsamgöngur.

MÆLINGAR:

- Að unnin verði samgönguáætlun Vesturlands til næstu 12 ára.
- Fjöldi heimila á Vesturlandi sem búa við ljósleiðara eða aðrar háhraða nettengingar.
- Rekstrarniðurstaða og fjöldi farþega almenningsamgangna.

ÁBYRGÐ:

- SSV í samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi.
- SSV í samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi og stjórnvöld.
- SSV í samstarfi við önnur landshlutasamtök.

5.1.6 AÐ VERNDA NÁTTÚRUNA

- Mikilvægt er að auka meðvitund íbúa og gesta um að umgangast náttúruna af virðingu. Sveitarfélögin gangi á undan með góðu fordæmi, bæði hvað varðar umgengni almennt og meðferð úrgangs.
- Mikilvægt er að í allri vinnu við aðal- og deiliskipulag sveitarfélaga sé lögð áhersla á að umgengni við náttúruna sé til fyrirmyndar.
- Markvisst verði unnið að því að sem flest sveitarfélög á Vesturlandi verði komin með umhverfisvottun innan 10 ára.

MÆLINGAR:

- Að hafin verði formleg undirbúningsvinna að því að sem flest sveitarfélög á Vesturlandi verði komin með umhverfisvottun.

ÁBYRGÐ:

- SSV í samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi.

5.1.7 AÐ AUKA GÆÐI Í STJÓRNSÝSLU SVEITARFÉLAGA OG ÞJÓNUSTU OPINBERRA AÐILA

- Sveitarfélögin leggi áherslu á vandaða stjórnsýslu, eigi samráð við íbúa og að öll áætlunargerð og stefnumótun sé vel unnin. Þetta verði gert með því að auka þekkingu starfsmanna og innleiðingu skýrra verkferla.
- Velferðar-, heilbrigðis- og öldrunarstofnanir á Vesturlandi leggi metnað sinn í að tryggja gæði í allri þjónustu við íbúa. Skoðað verði sérstaklega hvort efla megi heilbrigðisstofnanir á Vesturlandi með sérhæfingu og skapa þeim þannig sterkari starfsgrundvöll. Góð heilbrigðisþjónusta er einn af grunnþáttum allra samfélaga.

MÆLINGAR:

- Viðhorf íbúa og notenda á þjónustustigi ofangreindra stofnanna.

ÁBYRGÐ:

- SSV, velferðar-, heilbrigðis- og öldrunarstofnanir og sveitarfélög á Vesturlandi í samstarfi við stjórnvöld.

5.2 Á VESTURLANDI ER GOTT AÐ STARFA

Til að tryggja að á Vesturlandi sé gott að starfa þá vilja Vestlendingar efla atvinnulíf með ýmsum hætti, t.d. með því að styðja við framþróun og nýsköpun, skapa umgjörð er stuðlar að samstarfi sem ýtir undir vöxt atvinnulífsins, styðja við samstarf atvinnulífs og mennta- og rannsóknarstofnana og hvetja til breytinga á löggjöf, eftir atvikum.

5.2.1 AÐ STYÐJA VIÐ NÝSKÖPUN Í ATVINNULÍFI

- Starfsemi þekkingarsetra verði eflað og samvinna þeirra á milli. Sérstaklega verði hugað að tengslum þeirra og háskóla við atvinnulífið.
- Markvisst verði stutt við nýsköpun í atvinnulífi í gegnum Uppbyggingarsjóð Vesturlands.
- Eftt verði stoðkerfi við nýsköpunarstarf og frumkvöðla. Jafnframt skal unnið að því að tengja háskóla við nýsköpun og frumkvöðla.
- Stutt verði við FAB-lab smiðju á Akranesi og starfsemi frumkvöðlasetursins Hugheima í Borgarnesi og unnið verði að opnun frumkvöðlaseturs á Snæfellsnesi.
- Skapaður verði samstarfsvettvangur til að tengja saman hönnuði og fyrirtæki á Vesturlandi

MÆLINGAR:

- Fjöldi fyrirtækja á Vesturlandi og fjöldi samstarfsverkefna háskóla og fyrirtækja/frumkvöðla.
- Fjöldi umsókna til atvinnu- og nýsköpunarverkefna í gegnum Uppbyggingarsjóð Vesturlands.

ÁBYRGÐ:

- SSV í samstarfi við sveitafélög, fyrirtæki og háskóla á Vesturlandi.
- SSV og stjórn Uppbyggingarsjóðs Vesturlands.

5.2.2 AÐ EFLA MATVÆLAFRAMLEIÐSLU Á VESTURLANDI

- Leitað verði eftir samvinnu við matvælaframleiðendur á Vesturlandi um stofnun samstarfsvettvangs, „Matarlandið Vesturland“. Með stofnun vettvangsins væri mögulegt að skapa umgjörð fyrir matvælaframleiðendur þar sem t.d. yrði hægt að vinna undir sameiginlegu vörumerki, að stefnumótun, samstarfi við ferðaþjónustuaðila, stuðningi við beint frá býli og beint frá bát og eflingu á ræktun lífrænna matvæla svo fátt eitt sé nefnt.
- Með rannsóknum og stuðningi við nýsköpun verður skapað tækifæri til að auka verðmætasköpun sjávarafurða og styðja við vöruþróun úr sjávarfangi.

- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi vinni markvisst að því að leita eftir breytingum á regluverki sem myndi auðvelda litlum aðilum að hefja matvælaframleiðslu.
- Gert verði átak í markaðssetningu og sölu á þjónustu og vörum framleiddum á Vesturlandi.

MÆLINGAR:

- Stofnaður verður samstarfsvettvangur „Matarlandið Vesturland“.
- Í gegnum fyrirtækjakönnun verður skoðað hve miklu fjármagni er veitt til rannsókna, þróunar og markaðssetningar innan fyrirtækja. Auk þess verði skoðaðar fjárveitingar opinberra aðila til rannsókna.
- Breytingar á regluverki í matvælaframleiðslu.

ÁBYRGÐ:

- SSV í samstarfi við sveitafélög, fyrirtæki og háskóla á Vesturlandi.
- SSV og aðilar í matvælaframleiðslu á Vesturlandi í samstarfi við stjórnvöld.

5.2.3 AÐ EFLA IÐNAÐ Á VESTURLANDI

- Stofnað verði Þróunarfélag á Grundartanga. Verkefni þess verði að tryggja að uppbygging verði í sátt við umhverfi og samfélag, umhverfisvitund fyrirtækja verði eflid og ímynd Grundartanga bætt.
- Störfum fjölgi í upplýsingaiðnaði, líftækniíðnaði og þjónustustörfum við sjávarútveg og landbúnað. Mótaðar verði hugmyndir um hvernig efla megi þessar atvinnugreinar með því að auka þekkingu og koma á samstarfi þessara atvinnugreina og skóla.

MÆLINGAR:

- Stofnun Þróunarfélags á Grundartanga.
- Fjöldi starfa í upplýsingaiðnaði, líftækniíðnaði og þjónustustörfum við sjávarútveg og landbúnað á Vesturlandi. Fjöldi samstarfsverkefna milli umræddra atvinnugreina og skóla á svæðinu.

ÁBYRGÐ:

- SSV í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki.
- SSV í samstarfi við fyrirtæki, skóla og einstaklinga í atvinnurekstri á Vesturlandi.

5.3 Á VESTURLANDI ER GAMAN OG FRÓÐLEGT AÐ FERÐAST

Til að tryggja það að á Vesturlandi verði gaman og fróðlegt að ferðast og að ferðamönnum fjölgi vilja Vestlendingar vinna að því að ferðaþjónusta verði heilsársatvinnugrein, starfi í sátt við umhverfið og að gæði ferðaþjónustunnar aukist.

- Skýra þarf gæði og ímynd Vesturlands og á grundvelli hennar verði farið í markvissa markaðssetning sem leidd yrði af Vesturlandsstofu í góðu samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu. Við markaðssetninguna þyrfti sérstaklega að huga að markhópum, vörubrúun og nýsköpun.
- Styrkja Vesturlandsstofu með því að tryggja auknar fjárveitingar stjórnvalda til markaðsstofa landshlutanna.
- Fjölga tækifærum til afþreyingar fyrir ferðamenn á Vesturlandi. Uppbyggingarsjóður Vesturlands mun styðja við slík verkefni eftir megni.
- Bæta aðstöðu við ferðamannastaði. Sveitarfélögin þurfa að forgangsraða verkefnum og gera ráð fyrir þessari uppbyggingu í aðalskipulagi. Í samstarfi sveitarfélaga og Vesturlandsstofu verði markvisst unnið að því að afla fjárveitinga úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.
- Styðja þarf við og ýta undir frekara samstarf ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi.

MÆLINGAR:

- Skilgreining á gæðum og ímynd Vesturlands.
- Aukið fjármagn til markaðsstofa landshlutanna.
- Fjöldi ferðamanna á Vesturlandi, tekjur af afþreyingarstarfsemi.
- Viðhorf ferðamanna til aðstöðu á ferðamannastöðum, fjármagn til uppbygginga á ferðamannastöðum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

ÁBYRGÐ:

- SSV í samstarfi við sveitafélög á Vesturlandi.
- Landshlutasamtök í samstarfi við stjórnvöld
- SSV og stjórn Uppbyggingarsjóðs í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri á Vesturlandi.
- SSV í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga í ferðaþjónustu á Vesturlandi.

6 SAMANTEKT

Í þessari greinargerð er kynnt stefna og framtíðarsýn fyrir Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019. Að henni komu með einum eða öðrum hætti rúmlega 100 Vestlendingar, en markmiðið var að hún endurspegladi vilja og væntingar íbúa. Þó svo að sóknaráætlunin nái aðeins til næstu 5 ára var það markmið vinnunnar að reyna að horfa 10 ár fram tímann. Í sóknaráætlun er fyrst farið í stöðugreiningu, síðan eru skilgreind leiðarljós fyrir Vesturland, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir.

Sú stefna sem hér er sett fram verður grunnstef í allri vinnu við Sóknaráætlun Vesturlands. Hún verður færð inn í verklagsreglur Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, þannig að umsóknir verða metnar út frá því m.a. hversu vel þær tóna við hana. Einnig munu áhersluverkefni landshlutans byggja á og taka mið af þessari stefnu.

Það er von okkar að Sóknaráætlun Vesturlands muni skila Vestlendingum fram á veginn og auka vöxt og viðgang í landshlutanum næstu árin.